



Ársskýrsla æskulýðsnefndar Snæfellings 2018 - 2019



Ársskýrsla æskulýðsnefndar Snæfellinga 2018 - 2019

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Snæfellinga starfsárið 2018-2019 var skemmtilegt og viðburðarríkt. Í okkar félagi eru krakkar á öllum aldri og á öllum stigum hestamennskunar. Æskulýðsnefndin reyndi því að bjóða uppá dagskrá þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi.

Í **október** bauð Einar Ólafsson í Söðulsholti öllum börnum, unglingum og ungmennum ásamt fjölskyldum þeirra í heimsókn. Búið var að undirbúa ratleik af starfsfólki Söðulsholts þar sem hinar ýmsu þrautir voru leystar og svo fengu allir að skoða aðstöðuna og farið var í leiki. Einar bauð svo öllum í pylsupartý og sælgætispoki fylgdi svo með. Frábærar móttökur sem við fengum í Söðulsholti og gaman að sjá hvað þau eru að vinna flott starf.




Uppskerhátíð Snæfellinga var haldin **3. nóvember** í sal á Fransiskus Hótelinu í Stykkishólmi. Á hverju ári fá börn, unglingar og ungmenni félagsins sem hafa tekið þátt í keppnum á árinu hvatningarverðlaun afhent.



Hefð er orðin fyrir því að æskulýðssnefndin haldi konukvöld fyrirfélagskonur og hittumst þær núna á Brimilsvöllum og áttu saman notalega kvöldstund með saumaklúbbsstemningu. Mikið þátttaka var þetta kvöld. Við vorum ákveðið að gera þetta núna árlega :)

Árlegt Bingó og pizzakvöld var haldið í félagsheimilinu Fákaseli í Grundarfirði 20. **nóvember** og var mæting mjög góð. Mörg fyrirtæki styrktu okkur um vinninga og erum við þeim afar þakklát.

Í Bingóhléinu voru krakkarnir okkar sem fóru til Þýskalands fyrr á árinu í unglingaskipti með myndasýningu frá ferðinni og vakti það mikla lukku og tilhlökkun hjá yngri kynslóðinni sem geta farið með næst í þess háttar ferð.



Gaman er að segja frá því að í **byrjun desember** var Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir sem er félagsmaður úr hestamannafélaginu Snæfellingi var valin íþróttamaður ársins 2018 í Grundarfirði fyrir góðan árangur í keppni og góða ástundun.



Hestamannafélagið Snæfellingur stendur fyrir mótaröð **yfir vetrarmánuðina** og voru mótin alls 4 þetta árið í mótaröðinni. Keppt var í þriggangi í Ólafsvík, grímutölti í Söðulsholti, tölti í Stykkishólmi og fjórgangi í Grundarfirði.

Þessi mót eru mjög skemmtileg og hvetjandi fyrir félagsmenn okkar og ekki síst börnin okkar. Þau eru dugleg að æfa sig fyrir hvert mót og skemmtilegast af öllu er að koma saman á mótsdegi, hafa gaman og kynnast betur.

Í ár var sú nýbreytni að hafa stigakeppni og árangur knapa taldi til stiga úr hverju móti fyrir sig sem lögðust svo saman og veitt voru verðlaun fyrir stigakeppnina í lok mótaráðarinnar.

Þetta fyrirkomulag heppnaðist mjög vel og var mikill metnaður hjá unga fólkinu okkar að standa sig vel og mæta vel undirbúin til leiks.



Í ár voru börnin beðin að koma með ýmsar hugmyndir um hvað þau vildu gera og var m.a. ein hugmyndin að fá jakka eða úlpur merktar féluginu. Stjórn félagsins tók vel í þá hugmynd og pantaðar voru úlpur sem mikil ánægja með.



KB mótaröðin var á sínu stað og áttum við fulltrúa í öllum yngriflokkum. Okkar fólki gekk vel og áttum við fulltrúa í barnaflokki, unglingsflokk og ungmennaflokk sem hlutu verðlaun í stigakeppni einstaklinga í mótaröðinni í ár auk þess sem stigahæsti unglingurinn úr mótaröðinni kom úr okkar röðum.


Lið Uppsveitunga sigraði liðakeppnina og í því liði voru 2 Snæfellingar.



Þann **9. mars** sl. fór hópur á vegum æskulýðsnefndar Snæfellinga af stað í ferðalag á Hvammstanga og áttum við frábæran dag saman. Veðrið lék við okkur og var fyrsta stopp hjá okkur í reiðhöllinni á Hvammstanga. Þar fengum við að sjá hóp barna og unglinga sem hafa verið að æfa hestafimleika og höfðu þau sett upp sýningu fyrir okkur. Að lokinni sýningu fengu svo allir sem vildu að prufa, fyrst á tréhesti og svo á alvöru hesti. Eftir frábæra sýningu undir stjórn Kathrin Schmitt var förinni heitið til Kollu og Jóa að Gauksmýri. Þar fengum við okkur hádegismat og svo sýndu þau okkur aðstöðuna sína, hrossin og sögðu okkur svolítið frá því sem þau eru að gera.

Á heimleiðinni komum við svo aftur við á Hvammstanga þar sem Selasetrið var skoðað.

Þetta var frábær dagur sem við áttum saman og við fengum frábærar móttökur allsstaðar sem við komum.



Helgarnámskeið á Skáney var haldið **15.-17.mars**. Við fórum með flottan hóp barna á föstudegi. Allir voru mjög spenntir og tóku Randi og Haukur vel á móti okkur. Fyrst fengu krakkarnir smá hressingu og svo var farið í að deila niður herbergjum. Krökkunum var skipt í tvo hópa eftir getu og í kjölfarið voru fyrstu reiðtímarnir. Allir krakkarnir fóru í 4 reiðtíma yfir helgina og svo fengu þau kennslu í umhirðu hrossa og svo aðstoðuðu þau við að hirða hesthúsið. Á kvöldin var svo spjallað,leikið sér og hlegið dætt auk þess sem að leynigestur kíktti í heimsókn. Krakkarnir komu með frábær skemmtiatriði sem þau voru búin að finna upp sjálf og svo fóru þau í páskaeggjaleit í skóginum. Þessi helgi heppnaðist mjög vel og er í raun mjög mikilvægur liður í því að börnin í okkar félagi kynnist vel og myndi tengsl hvert við annað þar sem þau búa mjög dreift. Við stefnum á að fara aftur með hóp barna á Skáney.



Vesturlandssýning átti að vera haldin 12. apríl í Borgarnesi og áttum við eitt barn sem tók þátt í æfingum fyrir sýninguna. Þetta eru mjög skemmtilegar æfingar þar sem krakkarnir undirbyggja atriði undir stjórn Þórdísar Fjeldsted og gaman fyrir krakka að taka þátt í undirbúning fyrir þess háttar sýningu og kynnast öðrum krökkum úr öðrum félögum á svæðinu en því miður þurfti að blása þessa sýningu af.

Snæfellingur bauð upp á námskeið í knapamerki 1 í samstarfi við Bjarka Þór Gunnarsson og Elisabeth Marie reiðkennara **pennan veturinn** og var þátttaka góð.



Opið íþróttamót var haldið í Grundarfirði **1. maí**

Þátttakan hjá okkar krökkum í öllum aldursflokkum var mjög góð. Æðislegt var að sjá sérstaklega þá krakka sem eru ekki komin á keppnisaldur. Nokkrir tóku bara sína hringi á vellinum eins og þau haf aldrei gert neitt annað :) Öflugir framtíðarknappar þarna á ferð.



Föstudaginn **3. maí** var í samstarfi við HSH var opið hús í reiðhöllunum í Grundarfirði, Hallkelsstaðahlíð, Lýsuhóli, Ólafsvík og í Stykkishólmi. Þá var ný fólk hvatt til að heimsækja okkur í



hesthúsin, kynnst þessu frábæra sporti og fá að fara á bak. Þetta þótti takast vel og alltaf gaman að fá fólk í heimsókn og kynna sportið fyrir áhugasömum.



Í maí var keppnisnámskeið haldið í samstarfi við Sigurodd Pétursson og Ásdísi Ólöfu Sigurðardóttur. Þetta námskeið var miðað að keppni í gæðingakeppni og var bæði bóklegt og verklegt. Námskeiðið var vel sótt og heppnaðist mjög vel. Í framhaldi þessa námskeiðs var svo opna gæðingamótið okkar haldið í Stykkishólmi og gaman að sjá hvað allir höfðu tekið miklum framförum.



Í júlí tóku félagsmenn okkar á móti 11 unglingum og tveimur fararstjórum frá IPN Roderath í Þýskalandi. Unglingunum var dreift á fjölskyldurnar sem voru með unglinga í fyrra í Þýskalandi. Það höfðu myndast vináttusambönd á milli krakkanna og var gaman að geta boðið þeim núna til Íslands. Ýmislegt var brallað með þessum hóp vikuna sem þau voru hér á Snæfellsnesinu í heimsókn. Farið var í VikingSushi siglingu, sund, grillað í litlum skóg og farið á hestbak og labbað að Kirkjufellsfossi í Grundarfirði. Hópurinn fékk svo einnig að skoða hestabúgarðinn á Bergi. Krakkarnir riðu kringum Kirkjufellið og vá hvað unglingarnir voru ánægðir með þetta. 😊 Í Stykkishólmi sýndi Hrefna Rós Lárusdóttir þeim stóðhestinn Hergil frá Þjóðólfshaga og hesthúsahverfið þar og svo farið í Kakjak í Stykkishólmi hjá Kontiki Kajak. Unglingarnir stóðu sig mjög vel og höfðu gaman af þessu og enginn fór á hvolf. Einn dag fóru krakkarnir í ferð um Snæfellsnes með leiðsögn og í sund á Lýsuhóli. Á fjölskyldudeginum gátu fjölskyldur fundið sjálf prógram yfir daginn, sumir fóru í reiðtúra, aðrir fóru í ferð um Borgarfjörðinn. Að sjálfssögðu voru Snæfellingsskrakkarnir okkar alltaf með í för og mikill og góður vinskapur á milli krakkanna.





Einnig má segja frá því að í júlí og ágúst eru öll félög á Snæfellsnesi að fara í sameiginlega árlega hestaferð og þar eru börn og unglingar meira en velkomin að vera með. Þátttakan hefur verið að aukast í þessu, félagar eru þá með sameiginlegar „tjaldbúðir“ og þá er mikið líf og fjör hjá öllum hvort það er hjá fullorðum eða krökkunum.

Í lok ágúst eru farið í aðra hestaferð, Vatnabúðarreið. Þá er riðið úr Stykkishólmi í Kolgrafafjörðinn og þaðan yfir á bæinn Vatnabúðir sem er við Grundarfjörð. Einnig er riðið frá Ólafsvík til móts við hina. Sameiginlegur útreiðatúr, grill og varðeldur um kvöldið á laugardegi. Í ár hafa breyttum við þessari ferð úr því að vera fullorðinsferð í fjölskylduferð og þótti það takast vel og verður það þannig áfram. Krökkunum þótti æðislega gaman að fara með í þessa reið og í lok dags voru þau flest að leika sér berbakt á túni fyrir utan bæinn á meðan grillveislan var undirbúin.

Framundan hjá Snæfelling 2019/2020

Uppskeruhátíð

Konukvöld

Hittingur hjá börnum, unglingum og ungmennum

Knapamerki

Snæfellingismótaröðin

Námskeið

Menningarferð

Helgi á Skáney

Undirbúningur fyrir LM 2020

Þrátt fyrir að við séum ekki stórt félag og við dreifumst á nokkrar bæjarfélög þá reynum við að vinna fjölbreytt og metnaðarfullt starf í þágu unga fólksins okkar. Við viljum þakka öllum þeim sem studdu okkur og styrktu í vetur með vinnuframlagi eða í formi gjafa. Það væri ekki hægt að halda uppi skemmtilegu vetrarstarfi fyrir krakkana okkar án ykkar.

20.9.2019

Æskulýðsnefnd Snæfellinga:

Nadine E. Walter, Katrín Gísladóttir, Erna Sigurðardóttir, Veronica Osterhammer